

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 7. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

20. mars 1975.

Nr. 125.

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu  
nr. 173 16. maí 1973.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

#### 26. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

#### 2. gr.

Kafli VIII falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það, þannig að IX. kafli verði VIII. kafli og greinar 43—47 verði 27—31.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

20. mars 1975.

Nr. 126.

## GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Borgarfjarðarhrepps.

### I. KAFLI

**Um hafnargjöld í Borgarfirði eystra.**

#### 1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.